



Termix hitastýring fyrir setlaugar

Einfaldur sjálfvirkur hitastýribúnaður

Ódýr og hagkvæm lausn

Margir Íslendingar hafa komið sér upp heitum setlaugum við heimili sín eða sumarhús. Víða er með þessu verið að nota síðustu hitaæiningarnar úr vatni sem ella rynni frá húsunum, en einnig er verið að blanda heitt og kalt aðveituvatn til að ná óskuðu hitastigi.

Á þeim stöðum, þar sem hitaveituvatni er blandað við kalt vatn, er alltaf hætt á brunaslysum ef stjórnþúnaðurinn er ekki vandaður eða rétt valinn. Það er því nauðsynlegt að velja rétta öryggisþúnaðinn og stilla hann rétt til þess að forðast brunaslys.

Danfoss býður hér hitastýringu frá dótturfyrirtæki sínu Gemina-Termix. Þessi stýring er sérstaklega hönnuð og framleidd skv. óskum frá Danfoss hf á Íslandi. Það er því tryggt að stjórnþúnaðurinn miðast alfarið við íslenskar aðstæður.

Tvöfalt öryggi

Á hitastýringunni frá Danfoss er tvöfalt öryggi. Annars vegar er blöndunarloki þar sem blöndun heita og kalda vatnsins fer fram, og hins vegar er yfirhitavari sem lokar fyrir vatnsstreymi til laugarinnar ef blöndunarlokinn sendir frá sér heitara vatn en forstillt gildi segir til um. Þetta gæti gerst ef blöndunarlokinn bilar, eða ef eitthvað hindrar streymi kalda vatnsins að blöndunartækinu. Þannig dregur tvöfalt öryggið mjög úr líkum á því að brunaslys verði.

Notkun

Blöndunarlokinn er venjulega stilltur á ca 42 °C (fer eftir aðstæðum). Stjórnstöðin er stillt á óskað hitastig í setlauginni. Úr stjórnstöðinni kemur skynjari í lagina. Stjórnstöðin hleypir síðan vatni gegnum segullokann öðru hvoru, eingöngu til þess að viðhalda óskuðu hitastigi í lauginni.

Ef hitastig vatnsins frá blöndunartækinu verður hærra en forstillt hitastig á yfirhitavaranum, þá lokar hann fyrir vatnsstreymið.

Efni

Öll rör í hitastýringunni eru úr ryðfríu stáli, og allar röratengingar eru skrúfaðar með völdum gæðapéttingum. Þá er einnig hægt að fá snyrtilegan skáp úr grálökkuðu blikki til þess að hylja hana á veggnum (sjá mynd hér að ofan).


Helstu eiginleikar

- Rafeindastýring nemur hitastig í setlauginni
- Lokar fyrir innrennsli þegar óskuðu hitastigi er náð
- Tvöfalt öryggi
- Auðveld í uppsetningu

Termix hitastýring fyrir setlaugar



Uppbygging



Tæknilýsing:


Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	$T_{max} = 120\text{ }^{\circ}\text{C}$
Þrýstingur á köldu vatni:	$P_{min} = 0,5\text{ bar}$
Hámarks mismunaþrýstingur:	2 bar
Þyngd:	6 kg
Mál án hlífar:	H 518 x B 280 x D 148
Mál með hlíf:	H 520 x B 315 x D 165
Stjórnun:	EKC 102A stjórnstöð AKS 12 Hitanemi EV 220B Segulloki BE 240 AS Spóla FRESE Blöndunarloki KP 77 Yfirhitavar IVR Einstefnuloka
Hlíf:	Grálakkað blikk
Vörunúmer:	IS99520000

Nánari upplýsingar um stjórnbúnað er að finna á hitasíðu Danfoss <http://hiti.danfoss.is/>

Stærðir tenginga:

Kalt neysluvatn (1)	20 mm rönnipill
Hitaveita framrás (2)	20 mm rönnipill
Blandað vatn (3)	20 mm hlaupró

Málsetning á tengingum séð ofan frá



Danfoss hf • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörðunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsömdum gildum. Öll vörumerki í tæknilyðingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.